

Þinggerð

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hótel Borgarnesi 29. og 30. október 1999

Þingforsetar:

Marteinn Valdimarsson, Skugga
Sveinn Hallgrímsson, Faxe

Ritarar:

Helgi Björn Ólafsson, Faxe - aðalritari
Gunnar Þórarinsson, Þyt; Jón Halldórsson, Faxe; Kristján Gíslason, Skugga; Marteinn
Njálsson, Dreyra; Sigurbjartur Pálsson, Geysi; Sverrir Ágústsson, Sleipni

Annað starfsfólk:

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Skugga; Sigrún Ögmundsdóttir, LH; Veronika
Sigurvinsdóttir, Skugga

Föstudagur 29. október

Formaður LH. Jón Albert Sigurbjörnsson setti þingið kl. 13.00 föstudaginn 29. október og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Þingforsetar voru kjörnir: Marteinn Valdimarsson, Skugga og Sveinn Hallgrímsson, Faxe.

Ritarar: Helgi Björn Ólafsson Faxe, var kjörinn aðalritari.

Aðrir ritarar kjörnir: Gunnar Þórarinsson Þyt, Jón Halldórsson Faxe, Kristján Gíslason Skugga, Marteinn Njálsson Dreyra, Ragnheiður Guðmundsdóttir Skugga, Sigurbjartur Pálsson Geysi, Sverrir Ágústsson Sleipni og Veronika Sigurvinsdóttir, Skugga

Marteinn Valdimarsson þingforseti kynnti dagskrá þingsins.

Sveinbjörn Eyjólfsson, Faxe, formaður undirbúningsnefndar, bauð alla velkomna fyrir hönd Faxe og Skugga.

Ávörp gesta:

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, gerði að umtalsefni hversu öflugur hópur hestamenn eru og að innan raða hestamanna væri að finna þverskurð þjóðarinnar. Bauð hann gesti velkomna í kjördæmið og kvaðst sem samgönguráðherra vonaðist eftir góðu og árangursríku samstarfi við hestamenn. Taldi Sturla ferðamennskuna vera vaxandi atvinnugrein þar sem íslenski hesturinn gegndi miklu hlutverki. Hann væri hluti af ímynd Íslands svipað og hin hreina náttúra.

Ráðherrann sagði reiðleiðir viðamikið og kostnaðarsamt verkefni og boðaði breytingar á vegalögum varðandi reiðleiðir. Að lokum færði hann þinginu kveðju Samgönguráðuneytis og óskaði því góðra starfa. (Hægt er að lesa ræðuna í heild sinni á heimasíðu ráðherra: vesturland.is/sturla/)

Hákon Sigurgrímsson færði þinginu kveðju frá Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra. Talaði hann um gerjun í hrossaræktinni, og líkti hrossastofninum við sparisjóðsbók, sem ekki væri búíð að opna. Sagði hann frá því að ráðherra hefði sett af stað ýmis verkefni. Sett hefði verið á laggirnar nefnd um gerð samnings um gæðastýringu, ræktun, landnýtingu og félagslega samstöðu hestamanna og bænda. Einnig minntist hann á frumkvæði Skagfirðinga í hestamennsku. Hákon kvað ánægjulegt að sjá svo margar konur á þinginu. Taldi hann umfjöllun á þinginu skipta miklu máli fyrir greinina. Ítrekaði að lokum kveðju landbúnaðarráðherra og óskaði þinginu farsældar í störfum.

Stefán Kalmansson, bæjarstjóri Borgarbyggðar, taldi hestamennskuna sterkan þátt í starfi fólks á þessu svæði og sagði frá svæðisskipulagi, reiðleiðum o.fl. sem varðar hestamennsku. Hann lýsti dugnaði hestamannafélaganna á svæðinu við uppbyggingu og lýsti vilja sveitafélagsins til þess að styðja við af mætti áframhaldandi uppbyggingu.

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, lýsti ánægju yfir að vera komin á svo stórt þing. Hann færði þinginu kveðju frá Ellert B Schram, forseta ÍSÍ. Þakkaði gott samstarf við formann LH og starfsmann. Hann sagði hestamennskuna vera fjórðu stærstu íþróttagrein Íslands, og lagði til að lögð yrði vinna í endurskoðun laga og reglna. Hann sagði hestaíþróttina ekki bara vera almenningaíþrótt heldur afreksíþrótt og gegna mikilvægu hlutverk í uppeldi barna.

Ari Teitsson formaður Bændasamtaka Íslands minntist á Heimsleikana og hve stolt við megum vera af íslenska hestinum. Árangur okkar á Heimsleikunum hefur áhrif á afkomu bænda á öllu landinu bæði í hrossarækt og ferðaþjónustu. Taldi Ari mikilvægt að Ísland yrði viðurkennt sem upprunaland íslenska hestsins, það væri ekki sjálfsagt í augum allra þó við Íslendingar teldum það. Taldi hann samstöðu vera um Hestamiðstöð Íslands í Skagafirði. Ari hvatti til útbreiðslu á hrossaræktarforritinu Íslandsfeng meðal vina héraðs og erlendis. Áætlað er að halda landbúnaðarsýningu sumarið 2000. Bændasamtökin hvetja til samstarfs á þessari landbúnaðarsýningu.

Fulltrúi Félags hrossabænda Hulda Geirsdóttir flutti næst kveðju Félags Hrossabænda.

Sagði hún gott samstarf LH og Fél. hrb. hafa verið undanfarið. Ræddi um aukið samstarf í markaðsmálum og fræðslumálum. Minntist heimsmeistaramótsins og óskaði að lokum þinginu góðra starfa og LH til hamingju með afmælið.

Jón Albert formaður LH færði gestunum sem ávörpuðu þingið bókina Áfanga II að gjöf. Í henni er fjallað um göngu- og reiðleiðir á Vesturlandi og í Húnavatnssýslum.

Félagar heiðraðir

Jón Albert Sigurbjörnsson formaður LH kallaði fram eftirtalda féлага sem heiðraðir voru og þeim afhent gullmerki LH. Formaður rakti mikil störf þeirra í þágu íslenskrar hestamennsku:

1. **Árni Guðmundsson, Beigalda, hestamannafélaginu Faxe**
2. **Hákon Bjarnason, Reykjavík, hestamannafélaginu Fáki**
3. **Högni Bæringsson, Stykkishólmi, hestamannafélaginu Snæfellingi**
4. **Kolbrún Kristjánsdóttir, Akureyri, hestamannafélaginu Létti**
5. **Skúli Kristjánsson, Svignaskarði, hestamannafélaginu Faxe.**

Skúli Kristjánsson, Faxe og gullmerkishafi LH, þakkaði fyrir þessa viðurkenningu fyrir sína hönd og hinna gullmerkishafanna.

Skúli sagðist hafa fylgst með félagsmálum hestamanna allt frá stofnun LH og vildi hann þakka öllu því fólki sem hann starfaði með og kynntist og sagðist ánægður með að hafa fengið að fylgjast með framþróuninni í hestamennsku.

Skúli taldi að góður félagsmálamaður mætti gagnrýna stjórn en hann þyrfti jafnframt að vera virkur og jákvæður og ávallt tilbúinn til starfa. Þessu mætti líkja við að góður hestamaður gerir miklar kröfur til hestsins en sinnir um leið öllum þörfum hans, í víðasta skilningi.

Marteinn þingforseti sendi bestu óskir til hinna heiðruðu og þakkaði þeim störfín.

Kjörbréfanefnd skilaði álit.

Ársæll Gunnarsson Sóta, las upp þingfulltrúa hestamannafélaganna í stafrófsröð félaganna. Fulltrúar risu úr sætum þegar nöfn þeirra voru lesin. Breytingar voru gerðar vegna forfalla einstakra fulltrúa.

Þingfulltrúar 1999:

Andvari: Oddur Hafsteinsson, Sigurður Svavarsson, Sigurður Hansson, Finnur Egilsson, Halldór Halldórsson

Dreyri: Marteinn Njálsson, Jón Sólmundsson

Faxi: Baldur Björnsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Ingimar Sveinsson, Birna Hauksdóttir

Fákur: Bragi Ásgeirsson, Sigurbjörn Bárðarson, Hjörtur Bergstað, Helga Claessen, Þórður H. Ólafsson, Sigvaldi Ægisson, Jónas Kristjánsson, Viðar Halldórsson, Ragnar Petersen, Haraldur Haraldsson, Jóhanna Armgrímsdóttir

Feykir: Halldór S. Olgeirsson

Freyfaxi: Ármann Magnússon, Jón Bergsson

Funi: Jónsteinn Aðalsteinsson, Ármann Ólafsson

Geisli: Gróa Jóhannsdóttir

Geysir: Helga Fjóra Guðnadóttir, Sigurhjórtur Pálsson, Steinunn Gunnarsdóttir, Jón Jónsson, Þorvaldur Ágústsson, Magnús Halldórsson

Glaður: Skjöldur Orri Skjaldarson, Sigurður H. Jökulsson

Glæsir: Hreinn Júlíusson

Gnýfari: Þorvaldur Hreinsson

Grani: Hrönn Káradóttir

Gustur: Guðmundur Hagalínsson, Oddný Jónsdóttir, Gróa Jónatansdóttir, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Bjarni Sigurðsson, Þóra Ásgereisdóttir

Háfeti: Daði Freyr Kristjánsson
Hending: Júlía Björk Þórðardóttir
Hornfirðingur: Ómar Antonsson, Jens Einarsson
Hringur: Sveinbjörn Hjörleifsson
Hörður: Guðný G. Ívarsdóttir var fyrri daginn og Guðmundur Jónsson seinni daginn. Rafn Jónsson, Einar Ragnarsson, Axel Ómarsson, Anna B. Ólafsdóttir, Sigurður Sigurðarson, Sveinbjörn S. Ragnarsson
Kinnskær: Halldór Gunnarsson, var seinni daginn
Kópur: Gísli Kjartansson, Guðbrandur Magnússon
Léttfeti: Sveinn Guðmundsson, Magnús B. Magnússon, Stefán Logi
Léttir: Sigfús Helgason, Birgir Árnason, Reynir Hjartarson, Jóhannes Ottósson
Ljúfur: Halldór Guðmundsson, Gísli R. Sveinsson
Logi: Kristján Kristjánsson, Knútur Ármann
Máni: Jón Olsen, Sigurður V. Ragnarsson, Gunnar Maríusson, Guðrún Guðbjartsdóttir
Neisti: Hjörtur Einarsson, Valur Valsson
Sindri: Andrína Erlingsdóttir, Guðný Sigurðardóttir
Skuggi: Ámundi Sigurðsson, Þórður Bachmann
Sleipnir: Sverrir Ágústsson, Halldór Vilhjálmsson, Rut Stefánsdóttir, Ari B. Thorarensen, Gunnar B. Gunnarsson
Smári: Ásgeir Gestsson, Haraldur Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Sigurður Steinþórsson
Snæfaxi: Reynir Már Sigfússon
Snæfellingur: Hallur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, Skúli Skúlason
Sóti: Ársæll Gunnarsson, Kjartan Antonsson
Stígandi: Anna Jóhannesdóttir, Eyþór Einarsson, Elvar Einarsson
Stormur: Sigþór Gunnarsson
Svaði: Þorvaldur Gestsson, Símon Gestsson
Sörli: Guðrún Júlíusdóttir, Jón V. Hinriksson, Vilhjálmur Ólafsson, Theódór Ómarsson
Trausti: Snæbjörn Sigurðsson, Auður Gunnarsdóttir
Þjálf: Böðvar Baldursson, Sigurður Árni Snorrason
Þytur: Gunnar Þórarinnsson, Halldór E. Sigurðsson

Marteinn óskaði eftir athugasemdum, þær bárust engar. Lýsti hann þá upplesna fulltrúa réttkjörna.

Kjör þingnefnda:

Lýst af Sveinbirni Eyjólfsyni, formanni kjörbréfanefndar.

Nöfn fulltrúa í nefndir voru lesin upp. Breytingar urðu á skipan sumra nefnda. Þingið gerði engar athugasemdir og Marteinn þingforseti lýsti nefndarmenn réttkjörna.

Skeyti barst þinginu:

Árþing LH, Hótel Borgarnesi, 311 Borgarnesi

Bestu kveðjur og óskir um farsæl störf - Grímur Gíslason, Blönduósi.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan lá fyrir ljósrituð og er vísað til hennar. Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla:

Skýrsla stjórnar
Skýrsla aganefndar
Alþjóðleg dómararáðstefna
Skýrsla dómaranefndar LH
Skýrsla landsliðsnefndar
Skýrsla mannvirkjanefndar
Skýrsla mótanefndar
Skýrsla nefndar um endurskoðun keppreiðareglna
Skýrsla Skógarhólanefndar
Skýrsla tölvunefndar
Skýrsla dómaranefndar FEIF
Skýrsla æskulýðsnefndar
Skýrsla Íþróttadómarafélags LH
Skýrsla samgöngu- og ferðamálanefndar
Reiðvegaúthlutun 1999
Fjöldi félaga í LH 1999

Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH, las upp reikninga félagsins árið 1998. Lágu þeir fyrir ljósritaðir og er vísað til þeirra.

Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga.

Haraldur Haraldsson Fáki, gerði athugasemd við að stjórnin skrifaði ekki öll undir reikningana, Jafnframat óskaði hann eftir skýringum á ákveðnum upphæðum reikninga og benti á misræmi. Þá taldi Haraldur ekki þörf á yfirdráttarláni þegar peningar væru til hjá félaginu.

Þórður Ólafsson Fáki. Fannst mikið um stafsetningarvillur í ársskýrslunni og vildi láta leggja meiri metnað í störf. Þórður spurði um framlög til áningarhólfa.

Sveinbjörn Eyjólfsson Faxe, taldi ástæðu til að þakka stjórn LH fyrir vel unnin störf.

Bragi Ásgeirsson Fáki, fjallaði um staðfestingu meta, vindmælingar og skráningu eldri meta.

Björn Ó. Björnsson endurskoðandi leiðréttir ákveðnar misfærslur í reikningum LH.

Reynir Hjartarson Létti, sagði vegna orða Braga Ásgeirssonar, að við yrðum að læra að fara sjálf eftir okkar eigin reglum og gera ekki sömu mistökina aftur.

Sigrún Ólafsdóttir gjaldkeri svaraði fyrirspurnum og athugasemdum um undirritun reikninga. Hún sagði að öll stjórnin hefði staðið heilshugar að reikningum þó formaður og gjaldkeri hefðu einungis ritað undir. Formaður og gjaldkeri hefðu verið stödd á skrifstofu endurskoðanda þegar reikningar voru að fara í prentun.

Sigrún útskýrði færslur vegna fjárfestinga í Skógarhólum.

Útskýrði yfirdráttarlán með því að LH sé með margar bankabækur og liggi þær ekki allar á lausu og sumar séu eyrnamerktaðar ákveðnum verkefnum. Vegna Áningarhólfasjóðs sagði hún að ekki hefði verið gengið hart eftir að rukka á Kaldármelum 1997. Melgerðismelar 1998 hafa gert upp.

*Skýrsla stjórnar LH tekinn til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.
Reikningar LH teknir til afgreiðslu. Samþykktir samhljóða.*

Kaffihlé.

Erindi: Er stöðumat / úttekt á LH nauðsynleg? Magnús Pálsson

(Hægt er að fá hluta af erindi Magnúsar á skrifstofu LH)

Eftir erindið voru leyfðar stuttar fyrirspurnir en engar bárust.

Erindi: Niðurstöður Gallup könnunar. Þóra Ásgeirsdóttir

(Hægt er að skoða þessar niðurstöður á skrifstofu LH)

Eftir erindið voru leyfðar stuttar fyrirspurnir en engar bárust.

Rekstur LH fyrstu 8 mánuði 1999 og fjárhagsáætlun v/2000 og 2001.

Framsögumaður: Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH

Árshlutareikningur janúar til ágúst 1999 fylgdi fundargögnum þingfulltrúa svo og fjárhagsáætlun LH fyrir árin 2000 og 2001.

Umræður:

Magnús Halldórsson Geysi, benti á að samtölur í fjárhagsáætlun stefndu ekki miðað við uppgefnar tölur í einstökum liðum.

Einar Ragnarsson Herði, spurði hvort Íslendingar ætluðu að vera einir í Sviss 2001.

Þorvaldur Hreinsson Gnýfara, spurði um áætlaðan launakostnað.

Haraldur Haraldsson Fáki, spurði hvort samþykkt hefði verið á þingi LH í fyrra (1998) að ganga í Landvernd.

Jón Albert Sigurbjörnsson formaður LH, sagði að LH hefði verið aðili að Landvernd frá stofnun þeirra samtaka. Sagði einnig að laun fyrstu 8 mánuði væru óeðlilega lág og ekki sambærileg við laun í fjárhagsáætlun fyrir næstu ár.

Sigrún Ólafsdóttir sagði að mistök hefðu orðið í samlagningu í fjárhagsáætlun en fjárhagsnefnd færi yfir áætlunina. Sagðist einnig vona að Íslendingar mættu á réttan stað á HM 2001, þ.e. í Austurríki, ekki í Sviss eins og misritaðist.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1 til keppnisnefndar.

Tillaga á þingskjali nr. 2 til fjárhagsnefndar.

Tillaga á þingskjali nr. 3 til keppnisnefndar.

Einar Ragnarsson Herði, taldi eðlilegt að þingskjal nr. 3 færi til keppnisnefndar. Tillagan samþykkt með 77 samhljóða atkvæðum.

Tillaga á þingskjali nr. 4 til laganefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 5 til laganefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 6 til allsherjarnefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 7 til keppnisnefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 8 til laganefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 9 til laganefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 10 til laganefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 11 til ferða og umhverfisnefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 12 til ferða og umhverfisnefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 13 til allsherjarnefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 14 til fræðslu og útgáfunefndar.
Tillaga á þingskjali nr. 15 til allsherjarnefndar/keppnisnefndar.

Einar Ragnarsson Herði, lagði til að tillaga á þingskjali nr. 15 færi til keppnisnefndar. Guðmundur Hagalínsson Gusti, lagði til að allsherjarnefnd fjallaði um tillöguna þar sem verið er að fjalla um fyrirkomulag móta en ekki keppnisreglur.

Viðar Halldórsson Fáki, taldi eðlilegt að tillagan færi til keppnisnefndar þar sem verið er að fjalla um fótabúnað o.fl.

Þóra Ásgeirsdóttir Gusti, lagði til að fjallað yrði um tillögurnar í báðum nefndum en til formlegrar meðferðar í allsherjarnefnd.

Sigurður Ragnarsson, í stjórn LH, tók undir tillögu Þóru og lagði til að sú tillaga yrði borin upp fyrst.

Fundarstjóri skipaði teljara vegna atkvæðagreiðslunnar, þeir voru Sigurður Ævarsson Sörla, Skjöldur Orri Skjaldarson Glað og Halldór Gunnarsson Ljúfi.

Fundarstjóri bar síðan upp tillögu þess efnis að tillaga á þingskjali nr. 15 færi til meðferðar í báðum nefndum. Tillagan samþykkt með 72 atkvæðum gegn 15.

Tillaga á þingskjali nr. 16 til keppnisnefndar
Tillaga á þingskjali nr. 17 barst of seint og því þurfti að bera það undir fundinn hvort taka ætti hana fyrir og var það samþykkt með þorra atkvæða
Tillaga á þingskjali nr. 17 til ferða og umhverfisnefndar.

Fundarhlé til kl 17.50 og tóku þá nefndir til starfa.

Laugardagur 30. okt. 1999

Þingforseti, Sveinn Hallgrímsson hóf þingstörf.

Nefndir skila álit:

Æskulýðsnefnd:

Framsögumaður: Sigurbjörn Bárðarson, Fái:

Sigurbjörn sagði engar tillögur hafa legið fyrir nefndinni en æskulýðsnefndin var fjölskipuð. Hann taldi ljóst að vinna heima í héraði væri ekki nægilega vel unnin því hér hefði verið hægt að taka margt fyrir um æskulýðsmálin. Hann vildi að tekið yrði á vandamálum eins og þátttöku, sem er þó meira vandamál úti á landi en í þéttbýli. Einnig nefndi hann gjaldskrár. Að lokum lagði Sigurbjörn fyrir tillögu til þingsins á þingskjali nr. 19.

Þingskjal nr. 19

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. – 30. október 1999 skorar á stjórn og æskulýðsnefnd LH að beita sér fyrir eftirfarandi:

Að efla æskulýðsstarf innan aðildarfélaganna með því:

- a) Að auka fjárstyrk til æskulýðsstarfs og leita einnig til annarra aðila um fjáröflun. (T.d. sveitarfélaganna).*
- b) Að láta útbúa handbók fyrir leiðbeinendur í æskulýðsstarfi hestamanna, þar sem áhugi ungmenna er virkjaður með ýmiss konar leikjum og keppni sem allir geta tekið þátt í til viðbótar við hinar hefðbundnu keppnisgreinar.*
- c) Við skipulagningu dagskrár hestamannamóta sé þess gætt að jafnræði ríki með öllum keppnisflokkum.*
- d) Ársþingið hvetur til þess að efnt verði til samráðsfundar með dómurum og reiðkennurum FT í unglingastarfi LH. Viðfangsefni fundarins verði að samræma viðhorf og vinnubrögð þessara aðila varðandi taumhald og ásetu.*

Greinargerð:

Í skýrslu stjórnar kom fram að lítil sem enginn aukning hefur orðið á fjölda barna og unglunga í samtökunum þrátt fyrir að félagsgjöld þeirra til LH væru felld niður. Ennfremur að mjög lágum fjárhæðum var varið til æskulýðsmála hjá LH á síðasta ári. Þar sem framtíð samtakanna byggist á endurnýjun félagsmanna hlýtur að vera forgangsmál að æskulýðsstarfi sé vel sinnt.

Umræður:

Birna Hauksdóttir, Faxe, fagnaði tillögu frá æskulýðsnefnd. Kvaðst sakna meiri umfjöllunar um málefni æskunnar. Hún taldi að það verði að eyða fjármagni í æskuna - hún sé framtíðin.

Sigfús Helgason, Létti, benti á að gjöld hefðu verið felld niður fyrir þennan hóp til að fjölga í Landssamtökunum. Hann hefur trú á að fjölgað hafi í félögunum þegar árið verður gert upp. Mikil fjölgun hefur verið í Létti undanfarið. Gjaldlækkunin hefur því skilað sér. Hann telur vandann vera meiri heima í héraðum en hjá LH. Peningar eru til hjá LH eyrnamerkir æskulýðsstarfi. Mörg félög standa vel að æskulýðsstarfi. Tillaga æskulýðsnefndar góð.

Þingforseti tók tillögu á þingskjali nr. 19 til atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fræðslu og útgáfunefnd:

Framsögumaður: Oddur Hafsteinsson, Andvara:

Nefndin fékk tillögu á þingskjali nr. 14 til umfjöllunar. Fram kom í nefndinni að þessi tillaga væri óþörf þar sem sambærileg tillaga hefði verið samþykkt í fyrra. Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt og jafnframt að stjórn LH taki sig á í upplýsingamiðlun.

Þingskjal nr. 14

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. –30. október 1999 samþykkir að L.H. komi reglulega upplýsingum til aðildarfélaga L.H. um þá starfsemi sem er í gangi á vegum samtakanna, stjórnarinnar og nefnda á hennar vegum hverju sinni. Til þessa verði m.a. nýttir mun betur þeir miðlar sem samtökin hafa greiðan aðgang að.

Það verði m.a. gert með eftirfarandi hætti:

- að senda reglulega ofangreint efni ásamt fundargerðum stjórnar L.H. til stjórna aðildarfélaganna
- að birta það í þeim miðlum sem samtökin hafa aðgang að, þ.á.m. í Eiðfaxa og á heimasíðu samtakanna
- með útgáfu sérstaks kynningarefnis
- að koma upplýsingum til fjölmiðla, blaða og ljósvakamiðla

Greinargerð:

Hestamenn og samtök hestamanna hafa til þessa ekki verið nógu sýnileg í þjóðfélaginu og áhrif á eigin málefni ekki verið sem skyldi. Má þar m.a. nefna réttindamál eins og reiðleiðir í þéttbýli, í dreifbýli og á hálendinu. Til þess að auka áhrif hestamanna þarf að kynna starfsemi heildarsamtakanna sem allra best, þannig að bæði hestamenn og almenningur verði meðvitaðri um mikilvægi og hlutverk þeirra.

Enginn tók til máls um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Ferða og umhverfisnefnd:

Framsögumaður: Vilhjálmur Ólafsson, Sörla.

Vilhjálmur gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Það voru 15 manns sem tóku þátt í nefndarstörfum. Nefndin fékk tillögur á þingskjölum nr. 11, 12 og 17 til umfjöllunar. Nefndin leggur til að tillögur á þingskjölum nr. 11 og 17 verði samþykktar óbreyttar. Nefndin gerði breytingar við tillögu á þingskjali nr. 12 og leggur fram þingskjal nr. 12b í þess stað.

Nefndin leggur fram nýja tillögu á þingskjali nr. 18.

Þingskjal nr 11

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. –30. október 1999 samþykkir að stjórn L.H. beiti sér fyrir viðræðum við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, um að samtökin sjái til þess að samræmd verði og skipulagt, reiðvegakerfi fyrir höfuðborgarsvæðið sem heild. Að auki muni stjórnin beita sér fyrir því að sótt sé um fé til reiðvegagagna á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega.

Greinargerð:

Þar sem mikil uppbygging á sér stað og framkvæmdir eru miklar, hefur borið á því að reiðleiðir innan höfuðborgarsvæðis hverfi hreinlega, samanber í Grafarholti án þess að nokkuð komi í staðin. Aukin byggð og umferð í námunda við hesthúsabyggðir á svæðinu valda og verulegum áhyggjum. Augljóst ósamræmi er í túlkun og skilningi sveitarfélaganna á þörfum hestamanna sem útivistarfólks. Á fundi með alþingismönnum 2. des. 1997 er þess getið; tilvitnun í Hjálmar Árnason alþingismann: "Að sterkt væri fyrir L.H. og reiðveganefndir að hlutast til við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að samtökin beiti sér fyrir samræmingu og heildarskipulagi reiðvega á höfuðborgarsvæðinu "tilv. líkur. Fyrsti þingmaður Reykjavíkur og fyrsti þingmaður Reykjanes fengu afrit af erindi L.H. til SSH um þessi mál.

Þingskjal nr. 12b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. –30. október 1999 samþykkir að L.H. beiti sér fyrir áframhaldandi vinnu við kortlagningu gamalla reiðleiða og tryggi að þeim sé ekki lokað af einstökum landeigendum eða öðrum. Einnig að slíkum reiðleiðum, áningarhólfum og skiptihólfum verði komið inn á aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags. Safnað verði upplýsingum um GPS staðsetningar og þær gefnar út í aðgengilegu formi, til dæmis á heimasíðu LH.

Greinargerð

Á vegum L.H. hefur á undanförunum árum verið unnið mikið og gott starf við kortlagningu reiðleiða á landinu. Þrátt fyrir það hafa margar reiðleiðir lagst af vegna þess að ekki hefur verið tekið tillit til þeirra við vegagerð eða þær verið girtar af. Hestamenn og samtök þeirra hafa ekki sem skyldi staðið vörð um slíkar leiðir. Með stöðugt aukinni umferð hestafólks um hálendið og sveitir landsins er nauðsynlegt að koma til móts við þarfir hestamanna og ekki síður að vernda landið, t.d. með bættum merkingum reiðleiða, gerð áningarhólfa og góðum hliðum.

Einnig hefur á seinustu árum aukist til muna notkun GPS staðsetningatækja, ekki síst á meðal hestamanna. Tækin eru lítil fyrirferðar og auðvelt að reiða með sér á hestbaki. Slík tæki geta haft að geyma leiðarlýsingu, staðsetningu áningarhólfa og vandfundinna hliða og fleira þess háttar. Auk þess geta slík tæki verið mikið öryggi í slæmu skyggni.

Þingskjal nr. 17

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999, samþykkir eftirfarandi viðmiðunarreglur vegna úthlutunar úr Áningahólfasjóði:

- Fremur verði veittir færri en stærri styrkir svo að meiri líkur verði á því að unnt sé að ljúka þeim framkvæmdum sem í verður ráðist.
- Umsókn fylgi nákvæmar áætlanir um kostnað og framkvæmd.
- Umsókn fylgi samþykktur skipulagsuppráttur ef hann er fyrir hendi en samþykkt bæjar- eða sveitarstjórna sé svo ekki.
- Umsókn fylgi jafnframt undirskrift trúnaðarmanns LH á svæðinu.
- Það styrkir umsókn ef fyrir liggur staðfest vilyrði um framlög á móti.
- Umsóknir berist fyrir 1. desember ár hvert og afgreiðsla liggja fyrir eigi síðar en 1. mars.

Greinargerð:

Tilgangurinn með reglum þessum er að gera úthlutun úr áningahólfasjóði markvissari auk þess sem þær stuðla að betri undirbúningi og framkvæmd.

- Lágmarkskröfur til úthlutunar þurfa að vera skýrar og framkvæmdir þurfa að vera í sátt við tilheyrandi sveitarstjórnir og Vegagerðina í hverju umdæmi.
- Trúnaðarmaður LH er tengiliður milli hestamannafélaganna og Vegagerðarinnar. Það er hans hlutverk að upplýsa fulltrúa Vegagerðarinnar um fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Það skal litið jákvæðum augum ef tekst að auka fjármagn með mótframlögum, án þess þó að um mismunun sé að ræða.
- Umsóknartíminn skal miðaður við umsóknir um reiðvegafé. Það auðveldar úthlutunarnefnd afgreiðsluna.

Þingskjal nr. 18

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. – 30. okt. 1999 samþykkir að stjórn LH beiti sér fyrir viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um, að sambandið sjái til þess, að samræmt verði og skipulagt reiðvegakerfi fyrir landið í heild. Að auki muni stjórnin beita sér fyrir, að sótt verði um fé til reiðvegagagna í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Greinargerð:

Uppbygging og framkvæmdir valda því oft, að reiðleiðir innan sveitarfélaga hverfa. Aukin byggð og umferð í námunda við hesthúsabyggðir valda og verulegum áhyggjum. Augljóst er, að ósamræmi er í túlkun og skilningi sveitarfélaga á þörfum hestamanna sem útivistarfólks.

Marteinn Valdimarsson, þingforseti kynnti kjörbréf frá Kinnskæ og fulltrúa þess; Halldór Gunnarsson.

Einnig kynnti hann breytingar á kjörbréfi frá Herði. Guðmundur Jónsson mætti á þingið í stað Guðnýjar G. Ívarsdóttur.

Þingforseti bar þessar breytingar upp og voru þær samþykktar.

Að beiðni þingforseta hóf Sveinbjörn Eyjólfsson, Faxa, mál sitt á því að biðja þingfulltrúa að rísa úr sætum og syngja “ríðum, ríðum”, (Á Sprengisandi). Tókst það með ágætum.

Þingforseti opnaði því næst mælendaskrá um tillögur Ferða- og umhverfisnefndar.

Sígfús Helgason, Létti, sá ekki tilgang með því að leggja fram tvö þingskjöl, nr. 11 og 18. sem bæði ganga út á það sama.

Jónas Kristjánsson, Fáki, greindi frá ástæðum þess að skjölin væru tvö.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH gerði að umtalsefni hvort rétt væri að stjórn LH ætti að snúa sér til sveitastjórna í stað félaganna eins og fram kom í tillögu á þingskjali nr. 18. Taldi hann að tillögur á þingskjölum nr. 11 og 18 ættu báðar rétt á sér. Ekki tóku fleiri til máls og voru tillögurnar bornar undir atkvæði.

Tillaga á þingskjali nr. 14 samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 11 var samþykkt með þorra atkvæða gegn 1.

Tillaga á þingskjali nr. 12b samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 17 samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 18 samþykkt samhljóða.

Laganefnd:

Framsögumaður: Sigurður Steinþórsson:

Sigurður gerði grein fyrir störfum nefndarinnar sem fékk til umfjöllunar tillögur á þingskjölum nr. 4, 5, 8, 9 og 10.

Tillaga á þingskjali nr. 4. Miklar umræður um tillöguna og gerði nefndin breytingatillögu og lagði fram þingskjal nr. 4b.

Tillaga á þingskjali nr. 5. Nefndin gerði breytingartillögu og lagði fram þingskjal nr. 5b.

Tillaga á þingskjali nr. 8. Lagt fram óbreytt.

Tillaga á þingskjali nr. 9. Lagt fram óbreytt.

Tillaga á þingskjali nr. 10. Nefndin gerði breytingartillögu og lagði fram þingskjal nr 10b í þess stað.

Þingskjal nr. 4b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 felur stjórn LH að vinna að því að rekstur móta hestamanna á landsvísu verði í höndum eins og sama aðila. Stjórn LH skipi 5 manna nefnd til að vinna að þessu máli sem skili álit til formannafundar sem haldinn verði eigi síðar en 1. maí 2000.

Þingskjal nr. 5b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 heimilar stjórn LH að fresta ákvarðanatöku um hvar landsmót 2004 skuli haldið, þó eigi síðar en til ársþings árið 2000.

Greinargerð:

Með vísan til þess að stjórn LH hefur lagt fram tillögu er varðar breytt rekstrarform landsmóta hestamanna og að því gefnu að sú tillaga hljóti brautargengi, þykir rétt að fresta ákvarðanatöku varðandi það hvar landsmót 2004 skuli haldið.

Þingskjal nr. 8

Keppnisnefnd LH-Reglugerð

1. grein

Keppnisnefnd LH er skipuð fimm mönnum sem stjórn LH skipar strax að loknu landsþingi, sbr. 10 gr., d lið laga LH. Stjórn LH tilnefnir formann sem sér um boðun funda.

Fyrsti fundur nefndarinnar skal vera innan mánaðar frá skipun hennar.

2. grein

Keppnisnefnd skal fjalla um mál sem stjórn LH vísar til hennar en hefur að öðru leyti frumkvæðisrétt að málefnum sem undir hana heyra. Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða reglugerðir LH er varðar keppnir og komi með tillögur að breytingum ef þörf er á. Nefndin skal jafnan hafa hliðsjón af reglum ÍSÍ og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Þá skal nefndin sjá um að samþykktir landsþinga falli að lögum og reglum LH.

3. grein

Keppnisnefnd skal skila álitsgerð sinni og tillögum að reglugerðabreytingum til stjórnar LH, nægilega snemma fyrir landsþing LH þannig að þær megi leggja fram með eðlilegum fyrirvara. Einnig skal nefndin fjalla um reglugerðabreytingar sem lagðar eru fyrir landsþing og skila álit til þingsins. Keppnisnefnd skal skila álit til stjórnar LH um einstakar og augljósar villur í texta, endurtekningar og þversagnir í lögum og reglugerðum, sem gætu orðið tilefni til deilna og/eða mistúlkana.

4. grein

Keppnisnefnd skal fara yfir skýrslur yfirdómnefnda og framkvæmdanefnda móta til glöggvunar og yfirsýnar á ágreiningsefnum sem upp kunna að koma, svo og vandamálum sem verða í mótaframkvæmd. Skal nefndin gera tillögur til stjórnar LH um breytingar á reglum til að koma í veg fyrir slík ágreiningsefni og vandamál.

5. grein

Keppnisnefnd komi eins oft saman og þurfa þykir. Nefndin haldi fundargerðabók sem liggi frammi á stjórnafundum LH.

Þingskjal nr. 9

Mannvirkjanefnd LH - Reglugerð

1. grein

Mannvirkjanefnd skal skipuð þremur mönnum til eins árs í senn, tilnefndum af stjórn LH.

2. grein

Verkefni mannvirkjanefndar skal í meginráttum vera:

- a) *Að vera stjórn LH til ráðuneytis um gerð mannvirkja sem notuð eru við hestaþróttir og hestamennsku almennt. Er þá m.a. átt við:*
 - *Keppnis- og æfingavelli, með tilheyrandi mannvirkjum*
 - *Reiðvegi*
 - *Reiðhallir og skemmur*
 - *Skipulag svæða til notkunar fyrir hvers konar starfsemi hestamanna*
- b) *Að gera tillögur um gerð mannvirkja sem notuð eru við hestamennsku og móta þær kröfur sem gera skal til þeirra.*
- c) *Að halda skrá yfir keppnissvæði á landinu með sem gleggstum upplýsingum.*
- d) *Að úrskurða og gefa út vottorð um það hvort keppnissvæði uppfylli skilgreind lágmarksskilyrði til keppni og staðfestinga meta.*
- e) *Að vekja athygli á málefnum tengdum mannvirkjum, sem nefndin telur horfa til framfara.*
- f) *Nefndin skal fjalla um tillögur til ársþings LH er varða mannvirkjagerð og skila álitum um þær til þingsins.*

3. grein

Nefndin skal rita fundargerðir og senda afrit af þeim til stjórnar LH.

Þingskjal nr. 10b (breyttist í þingskjal nr. 10c, sjá afgreiðslu síðar)

Umræður:

Sigfús Helgason, Létti, taldi að það vantaði ákvæði um kappreiðar, í 2. gr. tillögu á þingskjali nr. 10b, þar sem fjallað er um reglur um aganefnd LH. Hann ræddi einnig um skjöl nr 4b og 5b og lýsti sig samþykkan þeim. Fjölgun landsmóta kallar á breyttar forsendur. Hann óttaðist samkeppni landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis um landsmótin.

Reynir Hjartarson, Létti, fjallaði um tillögu á þingskjali nr. 10b og fannst að forystu félaga sé ofaukið í 2. grein, jafnvel starfsmönnum líka og telur erfitt að beita þá aðila refsingum.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH taldi að 2. gr. í tillögu á þingskjali 10b væri eðlileg. Er þetta áminning til félaga um að standa vel að mótahaldi.

Sigurður Svavarsson, Andvara, saknaði 7. gr. úr tillögu á þingskjali nr. 10 í þingskjal nr. 10b og gerði tillögu um að hún yrði tekin inn í þingskjal nr. 10b.

Afgreiðslu þingskjals nr. 10b var frestað og samþykkt að taka það til frekari skoðunar hjá laganeftnd.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og var gengið til afgreiðslu um tillögur.

Tillaga á þingskjali nr. 4b samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 5b samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 8 samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 9 samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 10b vísað aftur í nefnd.

Kynbótanefnd:

Framsögumaður: Hjörtur Einarsson, Neista.

Engar tillögur bárust nefndinni, en þrjú atriði voru tekin til umfjöllunar: Sæðingar, breytingar á kynbótadómum og fósturvísaf lutningar.

Hann gerði grein fyrir breytingum á kynbótadómum, yfirfærslu á vægi milli ákveðinna þátta og samræmingu einkunnar fyrir vilja og geðslag, gert að einni einkunn. Nefndin var á einu máli um þessar breytingar.

Lögð fram tillaga (ályktun) á þingskjali nr. 22.

Sæðingarmál voru einnig rædd, miklar umræður og mjög skiptar skoðanir í nefndinni. Reglur um sæðingar og fósturvísaf lutninga eru óljósar og auka þarf umræður um málin.

Lagðar voru fram tillögur (ályktanir) á þingskjölum nr. 22 og nr. 23

Þingskjal nr. 22

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 lýsir yfir fullum stuðningi við hugmyndir um breytingar á ræktunartakmarki í íslenskri hrossarækt, þar sem vægi minna rökstuddra eða hreinna fagurfræðilegra sköpulagsþátta, er fært yfir í fegurð í reið.

Einnig er lýst yfir fullum stuðningi við hugmyndir um að einkunnir fyrir vilja og geðslag verði samræmdar í eina einkunn.

Markmið þess verði að gefa miklum en þjálum vilja meiri slagkraft í ræktunartakmarkinu.

Þingskjal nr. 23

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 hvetur til almennrar umræðu um útflutning á sæði úr íslenskum stóðhestum. Skiptar skoðanir eru um þetta mál meðal hestamanna og því þörf á að efna til útarlegrar umfjöllunar um málið áður en ákvörðun er tekin um útflutning á sæði.

Brýnt er að koma lagalegri hlið þessa máls á hreint.

Umræður.

Jónas Kristjánsson, Fáki, sagði fyrirhugaðar breytingar fyrsta skref í átt að bættum dómum kynbótahrossa. Athuga þarf hvort ekki þurfi að jafna vægi milli gerðar hrossa og kosta með tilliti til breytinga sem fram komu í ályktuninni.

Ingimar Sveinsson, Faxe, lýsti stuðningi við tillögur á þingskjölum nr. 22 og 23. Hann taldi ekki meiga fara í útflutning sæðis umhugsunarlaust. Sagði hann stöðu okkar góða í ræktun og gagnvart öðrum löndum þrátt fyrir að flutt hafi verið út kynbótahross um all nokkra hríð. Við höfum verið einum ættlið á undan öðrum og þannig nýtt okkur kynbótaframförina. Fjallaði hann einnig um starfsemi á Stóðhestastöðinni í Gunnarsholti.

Þingforseti las úr lögum LH sem skýrir að tillögur á þingskjölum nr. 22 og 23 flokkist undir ályktun á þinginu, en séu ekki bindandi tillögur.

Birna Hauksdóttir, Faxe, lýsti undrun sinni á umræðu um ræktunarmál á LH þingi. Taldi hún mjög óæskilegt að flytja út sæði.

Jens Einarsson, Hornfirðingi, lagði fram 3 spurningar. Á að leyfa útflutning á sæði? Á að leyfa sæðingar? Á að banna alfarið þessa tækni? Hann taldi að ekki eigi að fara út í sæðingar og vildi hafa íslenska hestinn að fullu náttúrulegan. Ef á annað borð á að leyfa sæðingar er varla rétt að liggja á erfðæfninu heldur að allir hafi aðgang að því. Hann taldi að við gætum ekki stjórnað markaðinum en reynt að hafa áhrif á hann.

Guðmundur Jónsson, Herði taldi umræðu um hrossarækt sjálfsagða á þingum LH. Taldi að vanda þurfi til verka við sæðingar og gera kröfur.

Þorvaldur Ágústsson, Geysi fjallaði um starfsemi stóðheststöðvar og sæðingar. Taldi að við ættum fyrst og fremst að hugsa um íslenska hagsmuni þegar hugað væri að útflutningi sæðis.

Sveinbjörn Eyjólfsen, Faxe sagði að engin ákvörðun hefði verið tekin um lokun stóðhestastöðvar. Hann lagði áherslu á að aðilar í öðrum löndum eru samstarfsaðilar okkar jafnframt því að vera samkeppnisaðilar. Við verðum að vera í fullu samstarfi til að halda okkar hlutdeild í samkeppni við önnur hrossakyn.

Haraldur Haraldsson, Fáki varaði við fjöldaframleiðslu ákveðinna hrossa sem fylgifisks sæðinga. Hann taldi að fjölgun hrossa eigi að vera bundin við náttúrulegt atferli hrossanna.

Þorkell Bjarnason, Gullmerkishafi LH tók næst til máls. Hann sagði að það væri orðið nokkuð langt síðan að hann komst á þá skoðun og sagði frá henni, þ.e. að sæðingar væru framfaramál. Taldi hann gott að þróa þetta starf í félögunum og undirbyggja það þar. Hann fjallaði um stóðhestastöðina og að ekki megi loka henni nú, eftir alla þá uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Útflutningur sæðis gæti skrúfað fyrir mikla starfsemi hér heima. Hann telur fósturvís aflutninga ekki vera til að “praktisera”, þó það sé gert í vísindaskyni.

Tillögum á þingskjölum nr. 22 og 23 var breytt í ályktanir.

Ályktun á þingskjali nr. 22 samþykkt samhljóða

Ályktun á þingskjali nr. 23 samþykkt samhljóða

Matarhlé.

Erindi um kennslumál:

Víkingur Gunnarsson flutti erindið.

(Hægt er að fá skýrslu menntanefndar á skrifstofu LH).

Fyrirspurnir til Víkinga:

Sveinn Hallgrímsson, Faxe. Hvernig nást þessar 45 einingar á vetri? Venjulega eru 30 einingar á vetri?

Sveinbjörn Eyjólfsson, Faxe fagnaði þessu skjali sem Víkingur lagði fram. Þarft verkfæri til að fá viðurkenningu á starfi hestamanna og að hestaþróttir verði viðurkenndar til jafns við aðrar íþróttagreinar í skólakerfinu.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH hvatti félagi til að koma með ábendingar varðandi umrædd kennslumál.

Víkingur Gunnarsson svaraði fyrirspurnum. 15 einingar eru ein önn á háskólastigi, en með löngu starfsári nást 45 framhaldsskólaeiningar (frá því snemma í september til loka maí).

Sveinbjörn Eyjólfsson, Faxe og formaður kjörnefndar kynnti tillögur kjörnefndar vegna kosninga síðar á fundinum.

Framhald þingfundar:

Afgreiðsla mála frá nefndum:

Allsherjarnefnd:

Framsögumaður: Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti:

Þóra gerði grein fyrir stöfum nefndarinnar sem fékk til umfjöllunar tillögur á þingskjölum nr. 6, 13, og 15.

Tillaga á þingskjali nr. 6. Lögð fram óbreytt.

Tillaga á þingskjali nr. 13. Nefndin gerði breytingar á tillögunni og leggja hana fram sem þingskjal nr. 13b.

Tillaga á þingskjali nr. 15. Nefndin gerði breytingar á tillögunni og leggja hana fram sem þingskjal nr. 15b (stutt af keppnisnefnd).

Þingskjal nr. 6

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 samþykkir að fresta um eitt ár viljayfirlýsingu 49. ársþings um þing annað hvert ár.

Greinargerð: *Landsmót hestamanna og fleiri skipulagsmál hestamanna hafa ekki fengi þá umræðu sem þarf. Vegna þessa telur stjórn LH ekki tímabært að fara í þessar skipulagsbreytingar.*

Þingskjal nr. 13b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. –30. október 1999 lýsir ánægju með störf vinnuhóps á vegum yfirdýralæknisembættisins varðandi smitsjúkdóma og smitsjúkdómavarnir. Því er beint til stjórnar LH að hún vinni að því að viðbragðsáætlun varðandi smitsjúkdóma í hrossum liggi fyrir sem fyrst og verði kynnt félagsmönnum LH.

Greinargerð: Í bréfi sem Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma sendi LH 12. október 1999 kemur fram að nú þegar er starfandi vinnuhópur fagdýralækna um viðbrögð gegn smitsjúkdómum. Hún segir ennfremur í bréfinu að nú þegar liggi fyrir drög að viðbragðsáætlun vegna hestainnflúensu. Sigríður býður LH að koma og kynna þau drög og boðar að haft verði náð samráð við alla hagsmunaaðila þ.m.t. LH.

Þingskjal nr. 15b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. –30. október 1999 samþykkir að í tilraunaskyni verði eftirfarandi breytingar gerðar á fyrirkomulagi gæðingakeppni á LM 2000

Forkeppni:

Ekki verði riðin sérstök forkeppni og milliriðill, heldur verði fullnaðardómur með einum keppanda í einu.

Úrslit: B-úrslit, hestar í 8.-15. sæti.

A-úrslit, hestar í 1.-7. sæti ásamt sigurvegara í B-úrslitum.

Þetta á við um alla flokka.

Umræður.

Páll Dagbjartsson, ritari LH lagði fram breytingartillögu við tillögu á þingskjali 15b.

Reynir Hjartarson, Létti studdi breytingartillögu Páls, benti hann á tillögu á þingskjali nr. 8 og taldi að þær færu ekki saman.

Bragi Ásgeirsson, Fáki ræddi um tillögu 15b og taldi að breytingar á mótahaldi væru nauðsynlegar. Studdi hann breytingartillögu Páls.

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki ræddi um allar þær tölur sem bornar eru upp í úrslitakeppni í öllum flokkum og sagði að í lok keppni séu lesnar 120 tölur og slíkt geti ekki verið skemmtilegt fyrir áhorfendur. Bar upp breytingartillögu við tillögu á þingskjali nr. 15b.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi í LH ræddi um tillöguflóðið og þær breytingartillögur og viðaukatillögur sem fram eru komnar.

Haraldur Haraldsson, Fáki spurði um fulltrúa Gáska á þinginu þar sem enginn félagi væri í félaginu. Ræddi hann um kynningu á LM 2000 og sýndi bækling sem gefinn hefur verið út. Taldi hann fulla þörf á að reyna breytingartillögu Sigurbjörns varðandi birtingu einkunna.

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti studdi breytingartillögu Páls Dagbjartssonar við 15b.

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki dró breytingartillögu sína til baka og verður hún flutt sem ályktun.

Viðar Halldórsson, Fáki sagði að tillaga á þingskjali nr. 15 hefði verið rædd í keppnisnefnd og felld en tillaga á þingskjali nr. 15b samþykkt. Breytingartillaga Sigurbjörns fékk ekki stuðning í keppnisnefnd. Taldi hann að dómur væru betri þar sem einkunnir eru birtar eftir hverja gangtegund.

Þorvaldur Ágústsson, Geysi ræddi um talnaflóðið í úrslitakeppni og taldi það mjög leiðinlegt. Hann vill stuðla að skemmtilegri mótum, og taldi að mótin hafi verið skemmtilegri fyrr á árum.

Umræðum var þar með lokið um tillögur Allsherjarnefndar og fór atkvæðagreiðsla fram.

Tillaga á þingskjali nr. 6 samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 13b samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga Páls Dagbjartssonar við tillögu á þingskjali 15b samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali 15b með breytingum samþykkt samhljóða.

Keppnisnefnd:

Framsögumaður: Viðar Halldórsson

Viðar gerði grein fyrir stöfum nefndarinnar sem fékk til umfjöllunar tillögur á þingskjölum nr. 1, 3, 7 og 16.

Tillaga á þingskjali nr. 1. Nefndin gerði breytingar á tillögunni og leggja hana fram sem þingskjal nr. 1b.

Tillaga á þingskjali nr. 3. Nefndin gerði breytingar á tillögunni og leggja hana fram sem þingskjal nr. 3b.

Tillaga á þingskjali nr. 7. Nefndin gerði breytingar á tillögunni og leggja hana fram sem þingskjal nr. 7b.

Tillaga á þingskjali nr. 16. Nefndin lagði til að henni yrði vísað frá.

Einnig lagði nefndin fram tvær nýjar tillögur á þingskjölum nr. 20 og 21.

Forseti leitaði afbrigða til að afgreiða mætti tillögur nr 20 og 21.

Samþykkt samhljóða að afgreiða tillögurnar.

Þingskjal nr. 1b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 samþykkir að stjórn LH setji af stað nefnd um samræmingu á reglugerðum um framkvæmd móta og agareglur fyrir íþrótta- og gæðingakeppni og kappreiðar. Skal störfum nefndarinnar lokið fyrir 1. mars 2000. og reglugerðin gefin út. Skal hún fara fyrir Dómaranefnd LH og Keppnisnefnd LH til umræðu og umsagnar.

Greinargerð: Aganefnd LH á erfitt með að starfa þegar tvær mismunandi reglugerðir um framkvæmd móta eru í gangi og t.d. eru engar agareglur til fyrir gæðingakeppni.

Þingskjal nr. 3b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 samþykkir að fresta gildistöku síðustu málsgreinar í 2. grein reglugerðar LH fyrir Íslandsmót þar sem segir að: “Lágmarks árangur á árinu til þátttöku í opnum flokki á

Íslandsmóti er einkunnin 5,5". Frestunin gildi þar til samræmt tölvukerfi fyrir mót verður komið í gagn.

Greinargerð: Stjórn LH skal bent á að í reglum er skýrt tekið fram að félög bera ábyrgð á rétttri skráningu sinna félagsmanna. Grein 3 um reglugerð fyrir Íslandsmót. Grein 22 var breitt á síðasta ári til þess að auðvelda framkvæmdina meðan ekki er til samræmt tölvukerfi fyrir samtökin þ.e. útgáfa eyðublaðs til staðfestingar árangri. LH þarf því aðeins að koma þessu eyðublaði í gagn til að leysa vandann.

Þingskjal nr. 7b

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999
samþykkir eftirfarandi nýjar kappreiðareglur:

Kappreiðareglur

I. Kafli

Aðalstarfsmenn kappreiða og starfssvið þeirra

1. gr.

Vallarstjóri: Hann hefur umsjón með öllu á skeiðvelli kappreiðadaginn og er öllum skylt að hlíta fyrirskipunum hans öðrum en dómnefnd. Ber hann ábyrgð á að auglýstri dagskrá sé fylgt og að hlaupin gangi greiðlega.

Hestavörður: Hann hefur yfirumsjón með kappreiðahestunum. Þegar dómnefnd gefur merki, skipar hann hestum til hlaups eftir því sem flokkaskrá mælir fyrir um og sér um að knapar og hestar beri þau einkenni sem þeir eru skyldir til í hvert sinn.

Ræsir: Um réttindi til starfa ræsis á kappreiðum skulu gilda sömu reglur og um dómaraströf. Hann setur hesta á rás og heldur uppi reglu á ráslínu og er öllum þar skylt að hlíta fyrir mælum hans. Ræsir hefur einn til tvo menn sér til aðstoðar. Ræsir getur vísað hesti frá, ef honum finnst gild ástæða til

Hlaupagæslumenn: Hlaupagæslumönnum er skylt að fylgjast með því hvort skeiðhestar liggja á kostum, svo sem þeim ber samkv. reglum þessum. Mótstjórnir geta ákveðið að hlaupagæslumenn komi úrskurði sínum til dómnefndar með merkjagjöf; hvít veifa tákni já, en rauð nei. Einn hlaupagæslumanna skal vera á ráslínu og fylgjast með þegar hestar eru settir á rá. Hlaupagæslumönnum er skylt að fylgjast með hegðun knapa og tilkynna dómnefnd ef þeir brjóti ákvæði í reglum þessum. Þeir skulu vera tilbúnir að gefa dómnefnd upplýsingar um einstök atriði ef þurfa þykir. Ef ágreiningur verður skulu aðilar með sérálit tilkynna það dómnefnd til endanlegs úrskurðar. Hlaupagæslumenn skulu valdir með hliðsjón af því að þeir þekki starfsvið sitt. Fjarlægð milli hlaupagæslumanna í skeiði skulu vera 1 á hverja 50 metra en í brokki og stökkgreinum skal fjarlægð á milli þeirra vera 100 metrar.

Dómnefnd: Dómnefnd er skipuð 3 mönnum og skal stefnt að því að þeir hafi allir dómarastréttindi frá LH og skal formaður dómnefndar hafa dómarastréttindi og fer hún í öllu eftir því sem reglur þessar ákveða, enda skal hlíta dómi hennar í öllum greinum. Þá er það og í verkahring dómnefndar að fylgjast með röð hestanna í mark.

Tímaverðir, ritari og þulir: Stefna ber að því að minnst einn tímavarð sé íþróttakennari eða hafi dómarastréttindi frá LH. Dómnefnd hefur sér til aðstoðar allt að sjö tímaverði, ritara og þuli, sem fara að öllu leyti eftir því sem dómnefnd ákveður nánar. Minnst skulu vera þrjár klukkan á fyrsta hest

2. gr.

Vallarstjóra og dómnefnd er skylt áður en kappreiðar hefjast að yfirlíta kappreiðasvæðið og fullvissa sig um að völlur sé í því ástandi að hestum og

knöpum stafi ekki hætta af. Til að keppnisvellir aðildarfélaga LH verði taldir fullgildir, m.a. hvað varðar staðfestingu meta í hlaupum, skulu þeir halla- og lengdarmældir af sérstökum trúnaðarmönnum, fjarlægðir auðkenndar með jarðföstum merkjastaurum og halli á hlaupabraut skal ekki vera meiri en 20 cm. á hverja 100 metra í hlaupátt.

II. Kafli

Þáttökuskilyrði og skráning

3. gr.

Forráðamenn kappreiða skulu hafa tiltæk auðkenni fyrir knapa.

4. gr.

Komi hestur ekki til leiks er forráðamanni hests skylt að tilkynna það til dómnefndar þegar í stað.

III. Kafli

Skyldur knapa

5. gr.

Knapar skulu vera þrúðir í allri framgöngu og hlýða skipunum þeim sem til þeirra er beint. Þeim er og skylt að bera sér að kostnaðarlausu einkenni þau og önnur merki sem ákveðin eru hvert sinn. Skylt er knöpum að sýna fulla kurteisi öllum þeim er á einhvern hátt stjórna kappreiðum, svo og áhorfendum og varast að blanda sér í deilur þær er upp kunna að rísa manna í milli um einstök flokkahlaup eða dómsúrslit.

6. gr.

Á spretti mega knapar leitast við að hvetja hesta með því að þrýsta að þeim fótum. Enginn má slá hest, hvorki með keyri né höndum er hann tekur á rás, né á hlaupinu. Ekki má heldur nota spora, grófar hvatningar, ríða fyrir aðra hesta, hafa í frammi hróp eða annan hávaða sem truflað getur aðra keppendur. Brjóti einhver á móti þessu, missir hestur hans, þótt fyrstur sé, rétt til allra verðlauna í þeim flokki, en sá hestur sem næstur honum varð hlýtur verðlaun eða veðfé, sé um veðbankastarfsemi að ræða.

IV. Kafli

Hestar settir á rás

7. gr.

Hestar skulu settir á rás með eftirfarandi hætti:

- a) Ræsir raðar hestum við ráslínu þannig að sá sem er skráður nr. 1 skal standa næstur honum og hinir síðan í réttri talnaröð frá honum. Strax og allir hestarnir standa réttir og kyrrir við ráslínu skal ræsir einungis kalla; "Fram" og gefa um leið rásmerki með símhringingu eða veifu í áberandi lit. Heimilt er ræsi að víkja hestum frá keppni sem vegna ókyrrðar valda töfum á ráslínu að minnsta kosti 5 mínútur.
- b) Hlaup úr rásbás skal fara fram með þeim hætti að um leið og ræsir opnar hlið á rásbás komi samtímis fram rásmerki (ljós eða merki flutt með rafmagni) hjá tímavörðum.

V. Kafli

Sprettfæri - flokkun hlaupa - verðlaun

8. gr.

Hlaup stökkhesta skiptist í spretthlaup og þolhlaup. Sé sprettfærið 250-800 m kallast það spretthlaup, sé vegalengdin yfir 800 m kallast það þolhlaup.

Í spretthlaupi má ekki hafa fleiri hesta í riðli en svo að vel sé rúmt um þá á vellinum (3 metrar á hest)

9. gr.

a) Í þolhlaupi (800-2000 m) gilda sömu reglur og í spretthlaupum um tilhögun hlaupsins (þó er á sama velli hægt að hafa fleiri hesta í riðli en í spretthlaupunum).

b) Í 800 m hlaupi skal líða minnst klukkustund milli spretta.

10. gr.

Sprettfæri skeiðhesta skal vera 150 og 250 m og er þeim frjálst að fara af stað á stökki eða skeiði fyrstu 50 metrana en þeir verða að liggja á skeiði það sem eftir er af sprettinum.

Þegar hesti fatast skeið eða hleypur upp skal knapinn gæta þess að trufla ekki hesta þá er liggja á kostum. Ef knapi brýtur þessa reglu er dómnefnd heimilt að vísa honum frá keppni.

11. gr.

Ef fleiri hestar í sama flokki hafa hlotið nákvæmlega sama tíma, en verið hægt að greina á milli þeirra, ræður röð hestanna eins og dómnefnd úrskurðaði þá koma að marki.

Ef upp kemur sú staða í keppnisgreinum þar sem úrslit fara ekki fram að tveir eða fleiri hestar nái sama tíma bestum, skoðast sá sigurvegari sem betri tíma hefur náð í hinum sprettinum. Fáist ekki úrslit með þessum hætti skal varpa hlutkesti.

12. gr.

Úrskurði dómnefnd tvo hesta eða fleiri jafnfljóta að marki hvort heldur er í flokkshlaupi eða úrslitaspretti, skal hún látin varpa hlutkesti um hver hljóti veðféð, ef veðbanki starfar, en verðlaunin skiptast jafnt milli þeirra hesta sem ekki er hægt að gera neinn flýtismun á. Sama gildir og ef dómnefnd úrskurðar tvo eða fleiri hesta hnífjafna að marki, næsta á eftir fyrsta hesti, þá skulu t.d. önnur og þriðju verðlaun skiptast jafnt á milli þeirra hesta sem urðu jafnir. Þó er forráðamönnum slíkra hesta frjálst að láta keppa til þrautar um verðlaunin, hafi þeir báðir (eða allir) komið sér saman um það og dómnefnd samþykkir það.

13. gr.

Viðurkenndar vegalengdir í stökki eru svofelldar: 250 m, 300 m, 350 m, 400 m, 600 m og 800 m spretthlaup. Ennfremur: 1000 m, 1200 m, 1500 m og 2000 m þolhlaup.

VI. Kafli

Öryggisákvæði

14. gr.

Unglingar innan 16 ára aldurs hleypa á ábyrgð foreldra eða forráðamanna og liggi fyrir skriflegt samþykki þeirra. Knapir skal þó aldrei vera yngri en 12 ára á árinu. Knöpum er skylt að nota öryggishjálmi í öllum greinum kappreiða.

VII. Kafli

Brokk

15. g.r

Til keppni á brokki skulu hestar ræstir úr kyrrstöðu. Dómnefnd úrskurðar að fenginni umsögn hlaupagæslumanna, hvort keppnishestar hafi hlaupið allt sprettfærið á hreinu brokki eða hlaupið upp. Heimilt er að hestar fari á frjálsum gangi fyrstu 50 metra sprettfærisins en verða að liggja á brokki það sem eftir er hlaupsins.

16. gr.

Stökkvi hestur upp á brokki eða fatist á annan hátt í hlaupinu, ber knapa að víkja honum þegar í stað þannig á brautinni að hann trufla ekki aðra hesta sem liggja á brokkgangi.

17. gr.

Viðurkenndar af stjórn LH og samkvæmt reglum þessum eru eftirfarandi vegalengdir í brokkhlaupi: 300 m, 600 m, 800 m, 1000 m, 1200 m 1500 m og 2000 m.

VIII. Kafli

Landsmet

18. gr.

Landsmet getur hvaða hestur sem er sett og hvar sem er á kappreiðum á landinu, ef keppt er eftir gildandi kappreiðareglum LH og á fullgildum keppnisvelli.

19. gr.

Til þess að met sé staðfest af LH er þess krafist:

- a) að einungis séu notaðir rásbásar samkvæmt ákvæðum b liðs 7. greinar
- b) að árangurinn sé staðfestur með undirskrift minnst tveggja dómara og yfirtímavarðar og hafi þeir fullvissað sig um að farið hafi verið eftir gildandi kappreiðareglum
- c) að minnst 3 skeiðklukkur hafi verið á hestinum í methlaupinu og ennfremur að vegalengdin hafi verið mæld og fylgi skýrsla um það.
- d) að meðvindur hafi ekki verið yfir 5 metra á sec. þegar methlaupið fór fram. Forsenda staðfestingar er að veðurmæling hafi átt sér stað áður en kappreiðar hófust og innan fimm mínútna frá því að met fór fram.
- e) Keppnisvöllur þarf að vera fullgildur samkvæmt 2. grein.
- f) að tilkynning um met sé rituð í tvíriti á þar til gerð eyðublöð er LH leggur til. Skulu þeir standa fyrir kappreiðum annast þetta í samráði við eiganda hestsins. Tilkynninguna ber að senda í ábyrgðarpósti til stjórnar LH innan tveggja mánaða.

20. gr.

Í úrslitasprettum skal a.m.k. veita þrenn verðlaun, þ.e. fyrstu, önnur og þriðju verðlaun í hverjum þeirra. Á lands- og fjórðungsmótum verði þó veitt 5 verðlaun í hverri hlaupagrein.

21. gr.

Fóta og beislabúnaður á kappreiðum skal vera samkvæmt gæðingakeppnisreglum þó er heimilt að járna kappreiðahesta á ál og plasticskeifur.

22. gr.

Drög að reglum um girðingar meðfram sýningar- og kappreiðavöllum:

Efnisval:

- a) Uppistöður séu staurar “rúnnaðir” í efri enda eða annað jafngilt efni frá öryggissjónarmiði.
- b) Línur séu úr grönnum kaðli, sveru snæri eða láréttri klæðningu.
- c) Stefnt skal að samræmingu á lit á línu og uppistöðum og sé hann hvítur.

Uppsetning:

- a) Kappreiðavöllur: Lágmarksaðhald er strenging á einfaldri línu í áberandi lit beggja megin eftir brautarjaðri. Á beygjum og öðrum þeim stöðum þar sem hugsanlegt er að hestar sýni viðleitni til þess að hlaupa út af brautinni, skal ytri lína klædd með a.m.k. einu láréttu lituðu trébandi, minnst 4” til 6” breiðu.
- b) Sérstök öryggisgirðing sé sett upp framan við áhorfendasvæði. Skal hún sett þannig að hún trufla ekki hesta í sýningu eða keppni og fyrirbyggi að áhorfendur geti truflað hesta á sama hátt.

- c) Úthlaupslið hesta sé það annað en beint framhald hlaupabrautar, sé minnst þriggja metra breitt og varið fyrir annarri umferð.
- d) Aðrar girðingar fari eftir aðstæðum og aðskilji sem kostur er umferð bíla, hesta og gangandi fólks.

23. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þingskjal nr. 16

Aðalfundur Hestamannafélagsins Trausta haldinn að Laugarvatni 9.5.1999 leggur það til við ársþingið að það samþykki að járnning og fótabúnaður keppnishesta á opinberum mótum verði samkvæmt reglum Bændasamtaka Íslands um kynbótahross.

Þingskjal nr. 20

50. ársþing Landsambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. – 30. október 1999, samþykkir að við grein tvö í reglugerð um íþróttamót og keppendur undir liðnum meistaraflökkur bætist:

Tölt 2:	einkunn 6,2
Gæðingaskeið:	einkunn 6,5
Fimi:	einkunn 6,0

Greinargerð: Á sl. ári olli þessi vöntun á einkunnar lágmörkum í ofantöldum keppnisgreinum mótshöldurum miklum vandræðum við að verðlauna í tvíkeppnum og samanlögðum greinum. Nefndin telur því nauðsynlegt að þingið samþykki þessa viðbót þannig að meistaraflökkurinn sé fullskipaður keppnisflokkum.

Þingskjal nr. 21

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29. – 30. október 1999 samþykkir að breyta grein nr. 2 í reglugerð fyrir Íslandsmót þannig að 3. málsgrein verði: Lágmarksárangur til þátttöku í opnum flokki á Íslandsmóti er 5,5.

Við bætist 4. málsgrein: Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Greinargerð: Nefndin tók málið upp í tengslum við þingskjal nr. 3 og telja nefndarmenn þetta vera sanngirnismál og til samræmis við meistaraflökk.

Umræður:

Jónas Kristjánsson, Fái ræddi um þyngingar og sagði andstöðu í Ameríku við þær.

Sigurður Svavarsson, Gusti spurði um rétt nefndarmanna til atkvæðagreiðslu í nefndum. Forseti upplýsti að allir hafi atkvæðisrétt í nefndum.

Þorkell Bjarnason, Trausta og gullmerkishafi LH, ræddi um tillögu á þingskjali nr. 16 og lýsti vonbrigðum með niðurstöður nefndarinnar.

Ingimar Sveinsson, Faxe og gullmerkishafi LH, ræddi tillögu á þingskjali nr. 16. Einnig um rétt fulltrúa til atkvæðagreiðslu í nefndum. Lýðræðismál að allir í nefndum hafi atkvæðisrétt.

Viðar Halldórsson, Fái ræddi um kosningarétt nefndarmanna og um tillögu á þingskjali nr. 16.

Sigurður Ragnarsson, meðstjórnandi í LH, taldi að greiða ætti atkvæði um frávísun á tillögu á þingskjali nr. 16 en ekki að ræða hana efnislega.

Haraldur Sveinsson, Smára ræddi tillögu á þingskjali 7b, 19. grein liði g og h og taldi þá óskynsamlega og dýra í framkvæmd. Hann lagði fram breytingartillögu.

Frávísunartillaga keppnisnefndar við tillögu á þingskjali nr. 16 tekin til atkvæða. Felld með 39 atkvæðum gegn 37.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH ræddi um tillögu á þingskjali nr. 16 og varaði við samþykki hennar. Einnig ræddi hann um tillögu á þingskjali nr. 3b.

Magnús Halldórsson, Geysi ræddi tillögu á þingskjali nr. 7 og vildi að það yrði afgreitt en ekki þingskjal 7b.

Jens Einarsson, Hornfirðingi ræddi um tillögu á þingskjali nr. 16 og taldi að stefna bæri að því að aðlaga að kynbótajárningum á nokkrum árum.

Guðný Sigurðardóttir, Sindra ræddi tillögu á þingskjali nr. 7b og var sammála Magnúsi Halldórssyni.

Hjörtur Bergstað, Fáki ræddi tillögu á þingskjali nr. 7b og lýsti stuðningi við hana.

Haraldur Þórarinnsson, varaformaður LH ræddi tillögu á þingskjali nr. 20 og vildi að því yrði vísað til stjórnar. Ræddi hann tillögu á þingskjali nr. 3b og vildi að hún yrði samþykkt en að tillaga á þingskjali nr. 21 yrði felld. Lýsti hann ánægju með tillögu á þingskjali nr. 1b og kom aðeins inná tillögu á þingskjali nr. 16.

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki ræddi um dómara við kappreiðar og taldi að hlaupagæslumenn yrðu að vera dómaramenntaðir en 1 dómari nægði í dómnefnd.

Helga Fjöla Guðnadóttir, Geysi vildi fella út ákvæði um kröfu á dómurum við kappreiðar vegna kostnaðar.

Haraldur Haraldsson, Fáki varpaði fram hugmynd um að taka myndband af öllum hlaupum svo staðfesta megí met ef nást.

Hjörtur Bergstað, Fáki ítrekaði fyrri skoðun á að hlaupagæslumenn á kappreiðum ættu að hafa dómararéttindi.

Reynir Hjartarson, Létti lagði til að tillaga á þingskjali nr. 7 yrði samþykkt en ekki tillaga á þingskjali 7b.

Einar Ragnarsson, Herði studdi tillögu á þingskjali nr. 7b.

Páll Dagbjartsson, ritari LH studdi tillögu Reynis Hjartarsonar.

Eyþór Einarsson, Stíganda ræddi hvort félagar FT gætu komið í staðinn fyrir dómara, (sem millistig yfir í dómara).

Hjörtur Bergstað, Fáki ítrekaði fyrri skoðanir.

Nokkrir fleiri tóku stuttlega til máls um þessar tillögur.

Afgreiðsla þingskjala frá keppnisnefnd.

Tillaga á þingskjali nr. 1b samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali nr. 3b. Atkvæðagreiðsla um tillögu á þingskjali nr. 3b felld með 36 atkvæðum gegn 24.

Tillaga á þingskjali nr. 7b. Breytingartillaga Haraldar Sveinssonar og fleiri. Breytingartillaga samþykkt með 56 atkvæðum gegn 23.

Tillaga á þingskjali 7b samþykkt með þorra atkvæða gegn 1.

Tillaga á þingskjali nr. 16. Tillaga frá Jóni Albert Sigurbjörnssyni, formanni LH um að vísa málinu til stjórnar. Samþykkt með 58 atkvæðum gegn 10.

Tillaga á þingskjali nr. 20. Tillaga Haraldar Þórarinssonar, varaformanns LH um að vísa til stjórnar samþykkt með 50 atkvæðum gegn 35.

Tillaga á þingskjali nr. 21 samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

Kosningar:

Haraldur Þórarinsson kosinn varaformaður samhljóða með lófaklappi.

Kosning meðstjórnenda:

Kosið var um tvo meðstjórnendur. Tillaga var frá kjörstjórn um að Sigrún Ólafsdóttir og Sigfús Helgason væru áfram í stjórn. Fram kom tillaga um Einar Ragnarsson, hestamféll. Herði sem meðstjórnanda, frá Haraldi Haraldssyni Fáki, til viðbótar við tillögu kjörnefndar.

Atkvæðaseðlum dreift og safnað saman til talningar.

Laganefnd, framh.

Tekin fyrir tillaga á þingskjali nr. 10c.

Sigurður Steinþórsson formaður laganefndar fylgdi henni úr hlaði og gerði grein fyrir breytingum.

Þingskjal nr. 10c

Aganefnd LH - Reglugerð

1. grein.

Stjórn LH skal skipa aganefnd á fyrsta fundi sínum eftir ársþing. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn LH skipar formann.

2. grein.

Aganefnd fjallar um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem LH er aðili að. Aganefnd hefur heimild til að veita starfsmönnum móta áminningu.

3. grein.

Aganefnd fjallar um skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum LH, þ.á.m. reglum um ferðalög innanlands og utan.

4. grein.

Brot innan keppnistímabils virkar til þyngingar refsingar þannig að fáir sami keppandi þrjár áminningar án spjalds á sama keppnistímabili jafngildir það gulu spjaldi. Fáir keppandi tvö gul spjöld á sama keppnistímabili jafngildir það rauðu spjaldi.

5. grein.

Fáir keppandi frávísun með rauðu spjaldi ákveður aganefnd lengd keppnisbanns, sem skal miða við tímabil í mánuðum, en ekki fjölda móta. Bannið getur varað frá því að keppandi verði einungis útilokaður frá mótinu, sem brotið var framið á, sem skal vera vægasta refsing og allt að 24 mánuðum. Vari keppnisbann lengur en þeir dagar sem mótið varir, sem brotið var framið á, skal miða við mánuð í senn, þannig að keppnisbann verði í heilum mánuðum. Upphafsdag keppnisbanns skal telja upphafsdag móts þess, sem brot var framið á.

6. grein.

Gerist keppendur, fararstjórar, þjálfarar, liðsstjórar eða aðrir fulltrúar brotlegir gegn reglum um ferðalög innanlands og utan skal fararstjóri kynna Aganefnd skýrslu um brotið eigi síðar en 48 tímum eftir heimkomu viðkomandi aðila. Ennfremur er keppendum heimilt með sama hætti að kæra til aganefndar meint brot fararstjórnar. Telji aganefnd brot viðkomandi aðila alvarlegt er heimilt að beita þeim agaviðurlögum sem fram koma í 4. og/eða 5. grein hér að framan eftir því sem við á í hverju tilviki.

7. grein

Aganefnd skal gefa hinum brotlega kost á að senda skriflega skýrslu um atvikið, sé það alvarlegs eðlis, og óskir berast um það frá viðkomandi aðila innan 48 tíma frá lokum móts.

8. grein.

Aganefnd kemur eins oft saman og þurfa þykir. Hún skal kveða upp úrskurði sína innan 3 sólahringa frá því að skýrsla yfirdómnefndar berst nefndinni. Skýrslur skulu sendar í bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum.

Jafnframt skulu frumrit af skýrslum yfirdómnefndar póstlagðar og sendar aganefnd.

9. grein

Úrskurð aganefndar skal tilkynna hinum brotlega með símskeyti og skal móttökustimpill frá póst/símstöð gilda. Úrskurðurinn skal berast skrifstofu LH innan sólarhrings, sem tilkynnir það aðildarfélögum fyrsta virka dag eftir að hann berst skrifstofunni.

Þingskjal 10c samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd:

Framsögumaður: Axel Ómarsson, Herði.

Fjárhagsnefnd var með til umfjöllunar tillögu á þingskjali nr. 2 og lagði til að henni yrði vísað frá.

Fjárhagsáætlun LH 2000. Fjárhagsnefnd gerði breytingar á fjárhagsáætluninni og lagði þær fram með útskýringum (sjá greinargerð).

Fjárhagsáætlun LH 2001.

Axel Ómarsson gerði grein fyrir nokkrum breytingum sem nefndin gerði á áætluninni.

Þingskjal nr. 2

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1999 samþykkir að veita stjórn LH heimild til að leita allra leiða svo að rekstur Skógarhólasvæðisins geti staðið undir sér fjárhagslega, þar með talið að semja við einstaklinga eða félagasamtök um leigu á svæðinu.

Haft verði fullt samráð og samþykki Þingvallanefndar um framvindu þessa máls.

Greinargerð: Við endurskoðun á uppgjöri fyrir 1998 kemur í ljós rekstrartap á Skógarhólum og verður að leita allra leiða til að koma rekstrinum í sem bestan farveg.

Tillögu á þingskjali nr. 2 var vísað frá.

Fjárhagsáætlun 2000

Tekjur:

1. Árgjöld félaga (16-67 ára: 1000,- kr.)	5.500.000
2. Lottó tekjur	1.800.000
3. Útbreiðslustyrkur	1.200.000
4. Styrkir v/NM 2000	1.000.000
5. Fjáröflun v/sérverkefna	1.300.000
6. Aðrir styrkir og fjáröflun	3.000.000
Samtals:	13.800.000

Gjöld:

1. Laun og launatengd gjöld	5.000.000
2. Annar skrifstofukostnaður	1.800.000
3. Akstur og ferðakostnaður	1.000.000
4. Þing LH og fundir	700.000
5. Erlend samskipti	600.000
6. NM 2000	1.000.000
7. Námskeið og fræðsla	200.000
8. Æskulýðsstarf	600.000
9. Lyfjapróf	250.000
10. Afskriftir og vextir	150.000
11. Annar kostnaður	1.000.000
12. Tölvur og hugbúnaður	1.500.000
Samtals:	13.800.000

Greinargerð: Fjárhagsnefnd telur að styrkja þurfi tekjustofn LH til muna. Til stendur að ráða framkvæmdastjóra LH og er það álit nefndarinnar að starfssvið nýs framkvæmdastjóra skuli varða fjárhagslega stöðu LH dag frá degi, auk fjáröflunar til handa LH. Nefndin beinir þeirri tillögu til stjórnar LH að starfssamningur framkvæmdastjóra verði í formi beinna launagreiðslna auk prósentu hlutdeildar af styrkframlögum og fjárframlögum sem framkvæmdastjóri aflar.

Í ljósi þess að brýn þörf er á lagfæringu á tölvumálum LH leggur fjárhagsnefnd LH til að 1.500.000,- kr. verði veitt til hug- og tölvubúnaðar kaupa. Þessi fjárfesting er nauðsynleg til þess að hrinda í framkvæmd ýmsum þáttum á verkefnaskrá LH. Þar má helst nefna samræmda skráningu árangurs á mótum á vegum LH, auk þess er það álit nefndarmanna að lækka megi ýmsa rekstrarkostnaðarliði með aukinni tölvuvæðingu.

Fjárhagsáætlun 2001

Tekjur:

1. Árgjöld félaga (16-67 ára: 1000,- kr.)	5.500.000
2. Lottó tekjur	2.000.000
3. Útbreiðslustyrkur	1.200.000
4. Styrkir v/HM 2001	5.500.000
5. Fjáröflun v/sérverkefna	1.500.000
6. Aðrir styrkir og fjáröflun	4.000.000
Samtals:	19.700.000

Gjöld:

1. Laun og launatengd gjöld	5.500.000
2. Annar skrifstofukostnaður	1.800.000
3. Akstur og ferðakostnaður	1.000.000
4. Þing LH og fundir	800.000
5. Erlend samskipti	600.000
6. HM 2001	5.500.000
7. Námskeið og fræðsla	500.000
8. Æskulýðsstarf	800.000
9. Lyfjapróf	250.000
10. Afskriftir og vextir	350.000
11. Annar kostnaður	1.000.000
Samtals:	18.100.000

Umræður:

Haraldur Haraldsson, Fáki tók til máls um fjárhagsáætlun. Taldi Haraldur að fjárlögin væru of smá í sniðum. Taldi hann að það þyrfti að markaðssetja LH betur. Stefna að lækkun útgjalda og auka tekjur. Hann taldi að það þyrfti að ráða markaðsmann strax. Taka á árinna en ekki reka undan straumi.

Haraldur Þórarinnsson, varaformaður LH tók næstur til máls og sagði að markaðsvinnan væri þegar hafin.

Axel Ómarsson, Herði ræddi um rekstrarform LH og vildi breyta rekstri LH.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH kom upp og taldi snúið að sækja fé til starfseminnar.

Sigurður Ragnarsson, meðstjórnandi í LH talaði næstur og sagði hann LH búið að eiga erfiða tíma.

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti tók næst til máls. Taldi hún stjórnina á réttri leið, en lagði til að settur yrði kraftur í að sækja fjármagn.

Fjárhagsáætlanir fyrir árin 2000 og 2001 samþykktar samhljóða.

Kosningar, framh.

Sveinbjörn Eyjólfsen, formaður kjörnefndar kynnt úrslit í kosningu meðstjórnenda:

Sigrún Ólafsdóttir	94 atkvæði
Sigfús Helgason	74 atkvæði
Einar Ragnarsson	37 atkvæði
Hjörtur Bergstað	1 atkvæði
Sigrún Ögmundsdóttir	1 atkvæði
Baldur Björnsson	1 atkvæði

Sigrún Ólafsdóttir og Sigfús Helgason eru því réttkjörnir meðstjórnendur.

Næst voru kosnir 5 varamenn í stjórn LH.

Tillaga kjörnefndarvar eftirfarandi: Oddný Jónsdóttir, Ómar Antonsson, Sigurður Steinþórsson, Sigurður Ævarsson og Steinunn Gunnarsdóttir.

Tillaga kom fram um Hjört Bergstað til viðbótar tillögu kjörnefndar.

Atkvæðaseðlum dreift og safnað saman til talningar.

Þingskjal nr. 24

Næst var tekin fyrir ályktun á þingskjali nr. 24. Flytjandi Sigurbjörn Bárðarson, Fáki

Þingskjal nr. 24

50. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 29.-30. okt. 1998 ályktar að framkvæmd úrslitakeppni í öllum flokkum gæðingakeppni verði breytt á þann hátt að ekki verði lesnar einkunnir milli atriða eins og gert er í dag. Aðeins verði lesin upp aðaleinkunn hvers hests í lokin.

Í barna og unglingaflokkum væri þó lesin upp aðaleinkunn fyrir stjórnun og ásetu annarsvegar og gangtegundir hins vegar.

Til að halda því, að álag sé ekki of mikið á hestana, er gert u.þ.b. 3 mínútna hlé í miðjum úrslitum þar sem hægt er niður í fet.

Þar sem tölvuskjár er til staðar, birtast einkunnir dómara á skjá eftir hvert sýnt atriði.

Úrslit í A-flokki væru þannig:

Sýna skal tölt frjálsan hraða allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar. Sýna skal brokk minnst tvær langhliðar.

..... þá er 3 mín. hlé

Sýna skal tvo skeiðspretti og skulu báðir riðnir til sömu handar.

Samsvarandi 3 mín. hlé verði í B-flokki, barna-unglinga- og ungmennaflokki

Viðar Halldórsson, Fáki tók til máls um ályktun á þingskjali nr. 24. Taldi hann ályktunina stangast á við lög LH og þingskjalið vart vera læsilegt og því illa frambærilegt.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi í LH taldi að ef ályktuninni yrði vísað til stjórnar myndi stjórnin vísa henni til keppnisnefndar svo hægt væri að vinna að málinu fyrir næsta þing.

Tillaga um að vísa ályktun á þingskjali nr. 24 til stjórnar samþykkt með þorra atkvæða gegn 4.

Unglingabíkar LH

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH tók til máls. Erindi hans var að afhenda unglingabíkar LH og var hann afhentur hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Hestamannafélagið Hörður hefur staðið sig feikivel í barna- og unglingastarfi.

Rafn Jónsson varaformaður Harðar veitti bikarnum viðtöku og þakkaði fyrir. Sagði hann frá kröftugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi hjá Herði.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi í LH talaði næstur og þakkaði fyrir gott þing og minnti einnig á uppskeruhátíð LH. Fjallaði hann um heimsleikana og þann glæsibrag sem þar var og lét klappa fyrir landsliðinu og öllum sem þar komu að.

Íslandsmót árið 2000 og 20001

Næst var á dagskrá val á Íslandsmótsstað 2000 og 2001. Jón Albert tók til máls og sagði frá því að ekkert félag hafi sótt um að halda þessi mót.

Tillaga um að veita stjórn LH heimild til að velja stað fyrir Íslandsmót 2000 og 2001 var samþykkt samhljóða.

Kosningar, framh.

Kjör varastjórnenda:

Sveinbjörn Eyjólfsson, Faxe og formaður kjörnefndar lýsti kjöri varamanna í stjórn.

Oddný Jónsdóttir	99 atkvæði
Sigurður Steinþórsson	97 atkvæði
Sigurður Ævarsson	94 atkvæði
Ómar Antonsson	89 atkvæði
Steinunn Gunnarsdóttir	79 atkvæði
Hjörtur Bergstað	34 atkvæði

Fimm efstu eru því rétt kjörnir varamenn í stjórn LH.

Skoðunarmenn reikninga LH kosnir með lófaklappi og eru þeir sömu og áður: Gísli B. Björnsson og Pjetur N. Pjetursson

Tillaga um að vísa til stjórnar vali á fulltrúum á ÍSÍ þing samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um aðal- og varamenn í dómstól LH samþykkt samhljóða.

Aðalmenn: Brynjar Kvaran Fákí, Einar Öder Magnússon Sleipni, Þór Sigþórsson Sörla.

Varamenn: Rúnar Geir Sigurpálsson Herði, Benedikt Þorbjörnsson Faxe, Einar Örn Grant Létti.

Önnur mál.

Sveinbjörn Eyjólffsson, Faxa og formaður undirbúningsnefndar tók til máls og þakkaði félögunum í undirbúningsnefnd Faxa og Skugga fyrir gott starf fyrir og á þinginu. Þakkaði hann og starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf.

Að lokum tók til máls Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH og lýsti yfir að þetta hafi verið ánægjulegt þing og sérstaklega ánægjulegt að sjá hve margir gullmerkishafar LH voru mættir. Hann sagði að stór ár væru framundan hjá LH. Hann þakkaði viðurgjörning Borgfirðinga á þessu þingi. Þá þakkaði hann starfsfólki þingsins þeirra störf og sagði 50. ársþingi LH slitið.

Reynir Hjartarson skildi eftir sig nokkur gullkorn um málefni þingsins o.fl.:

Um tæknitekið erfðaeefni:

Hér á þingi meta menn
merar jafnt og kerlinguna,
þeir tækni hafna og taka enn
trúboðs gömlu stellinguna.

Um meiðsli og raunir Sigurbjarnar Bárðarsonar:

Í dimum raunum Didda birtist týra
hann dró upp mynd af Blesa nokkuð skýra.
Svo fór hann að langa
og hélt það myndi ganga
ef sendist Magni suður til að stýra

Um skattamál og Landsmótsstað:

Nú skúrkar margir skæla fögru tári
því skatturinn hér veldur miklu fári
og sumir lenda í grjótinu
sem féllu í pappírstrótinu
því býst ég við að Landsmót verði á Litla-Hrauni að ári.

Um Fáksmenn og heppni þeirra að geta haft “tóma dómara” (eintóma) við störf:

Í dýra sinni vor drottinn gaf
þeim dómara í hrönnum,
því Fáksmenn eiga firnin af
fullkomlega tómum mönnum.

Til Birnu á Skáney sem hafði á orði að gamalkunnug andlit væru farin að grána ansi mikið:

Ýmsir lúta elli hárri
á móti reyna að spyrna.
Þótt eldist ég og gerist grárri
ég girnist þig ennþá Birna